



Fundur menningarmálanefndar 10. október 2016

Menningarmálanefndarfundur 10.10.16

Fundur var haldinn í Kolbeinsgötu 42, hófst 17:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hreiðar Geirsson, Elísa Joensen og Berghildur Fanney Hauksdóttir menningarmálafulltrúi.

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

1. Mál: Tónleikar/trúbbakvöld helgina 28./29. október.

Ákveðið að halda aðra tónleika/trúbbakvöld með Baldvin og Aldísi eins og var laugardaginn 7. október við góðar undirtektir. M.m.f. falið að klára þetta mál.

2. Mál: Vopnaskak 2017

Rætt og samþykkt að auglýsa eftir verkefnastjóra fyrir Vopnaskak 2017. M.m.f. falið að klára það verk. Einnig rætt dagsetningu Vopnaskaks og ákveðið að færa hátíðina fram um eina viku. Síðustu ár hefur bæjarhátíðin verið haldin fyrstu helgina í júlí en verður nú haldin síðustu helgina í júní eða dagana 20 - 25 júní. Rætt að skoða sem fyrst hvaða stóru viðburðir eiga að vera svo hægt sé að bóka þá tímanlega.

3. Mál: DM16

M.m.f. fór yfir hvaða listamenn hún var búin að hafa samband við. Rætt vel og unnið áfram í dagskrá DM16.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið 18:00